

## REGLUR

### um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

#### 1. gr.

Stjórn varnarliðs Bandaríkjanna annast skráningu ökutækja í eigu varnarliðsins. Lög-reglustjórinn á Keflavíkurflugvelli heldur skrá um ökutæki varnarliðsins samkvæmt gögnum frá stjórn þess.

Ökutæki varnarliðsins skulu auðkennd skráningarmerkjum af gerð C skv. 7. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 523 15. desember 1988. Á skráningarmerki skal þó hvorki vera upplýft brún né flötur fyrir skoðunarmiða og á það skal ekki greytt verksmíðju-númer. Grunnur skráningarmerkis skal vera hvítur en stafir svartir. Bókstafir skulu vera VL og tölustafir fjórir.

Stjórn varnarliðsins annast um að búnaður ökutækja í eigu varnarliðsins sé í lögmaletu ástandi. Ökutækin eru undanþegin váttryggingarskyldu.

#### 2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast skráningu ökutækja í einkaeign varnarliðsmanna og fer um skráningu þeirra samkvæmt almennum reglum um skráningu ökutækja. Tilkynningu um eigendaskipti að ökutækjum þessum skal þó afhenda lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli. Endurskinsflötur skráningarmerkja þessara ökutækja skal vera gulur en rönd á brúnum blá og stafir bláir.

Ökutæki í einkaeign varnarliðsmanna eru háð sömu reglum og önnur ökutæki að því er varðar gerð og búnað, skoðun og váttryggingu.

#### 3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna, nr. 81 19. mars 1976.

Ökutæki sem skráð hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara mega þó áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

*Utanríkisráðuneytið, 30. desember 1988.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*